


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	SAGA3EM05 - menningarsaga Námsáætlun – Vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		

Kennari	Þorsteinn Krüger	Sk.st.	ÞOK
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga eru valin tímabil og svið í menningarsögu Evrópu tekin til skoðunar í ljósi ýmissa þátta, t.d. myndlistar, byggingarsögu, bókmennta, heimspeki, hugarfars og félagsgerðar samfélaga. Nemandinn kynnir sér nokkra frumtexta, skoðar samtímamyndefni ásamt því að tileinka sér fræðilega og listræna umfjöllun um efnið. Einnig verður nemandinn þjálfaður í heimildarýni af ýmsu tagi, rökhugsun og sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tímabilaskiptingu menningarsögunnar frá upphafi til nútímans
- helstu hugtökum og persónum sem tengjast þeim viðfangsefnum sem fjallað verður um í áfanganum
- tegundum heimilda og helstu vinnubrögðum við heimildaleit og heimildanotkun
- samhengi sögunnar og hvernig fortíðin birtist okkur og lifir í nútíðinni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun og forðast algengar rökvillur
- beita öguðum, faglegum og siðferðilega réttmætum vinnubrögðum
- greina siðferðileg álitamál
- vinna með heimildir
- tjá sig um viðfangsefni menningarsögunnar
- vinna jafnt sjálfstætt og með öðrum að viðfangsefnum
- nota ólík miðlunarform til að koma þekkingu sinni á framfæri


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 4	SAGA3EM05 - menningarsaga	
	Námsáætlun – Vorönn 2017	

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta heimildir og rannsóknargögn við lausn verkefna
- nálgast verkefni á faglegan og sjálfstæðan hátt
- meta söguleg fyrirbæri út frá forsendum hvers tíma og sjá tengsl þeirra við nútímann
- tjá sig um menningarsöguleg álitamál
- deila þekkingu sinni með öðrum
- sýna frumkvæði og skapandi hugsun
- beita gagnrýninni hugsun á viðfangsefni sögunnar

Námsgögn:


Tegund	Námsgögn
Bækur	Heiðrún Geirsdóttir, Jón Gunnar Þorsteinsson, Margrét Gunnarsdóttir: <i>Þættir úr menningarsögu NB</i> . Nýja bókafélagið. Reykjavík 2004.
Tímarit og bækur	Ýmsar bækur og tímarit á bókasafni.
Myndbönd	Söguleg bíómynd (eða bókmenntaverk sem byggir á sögulegum grunni). Stuttar fræðslumyndir á netinu.
Ljósrit (afhent)	Ýmsir þýddir textar frá klassískri fornöld.
Netið	Heimildaleit og verkefnavinna.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4	SAGA3EM05 - menningarsaga	
	Námsáætlun – Vorönn 2017	

Áætlun um yfirferð:

Vika (Innunr.)	Námsefni	Verkefni
	Menning fornaldar:	
1. - 4. vika	Grikkland hið forna, bls. 9 – 38, auk ítarefnis sem afhent verður. Fyrirlestrarefni kynnt.	Skilaverkefni
5. - 6. vika	Rómarmenning, bls. 38 – 57.	
	Heimur miðalda:	
7. - 8. vika	Kristin menning, klausturlíf, upphaf háskóla, áhrif islam og krossferðir, bls. 59 – 95. Könnun úr tveimur fyrstu hlutum bókarinnar	Skilaverkefni Könnun
9. - 10. vika	Endurreisn og miðaldir, bls. 97 – 127.	
11. vika	Undirbúningur fyrirlestra og kynninga.	
12. vika	Nemendur flytja kynningar	Fyrirlestur
	Frá barrokköld til upphafs nútíma:	
13. - 14. vika	Menning og listalíf 17. og 18. aldar, bls. 129 – 165.	
	Sagan í skáldlegum búningi:	
15. vika	Páskafrí	
16. - 18. vika	Efni afhent af kennara. Skáldverk sem byggja á sögulegum grunni, smásaga eða bíómynd.	Skilaverkefni

Víkunúmerin hér eru vikunúmer almanaksins og Innu.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	SAGA3EM05 - menningarsaga Námsáætlun – Vorönn 2017	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	Skriflegt próf í lok annar úr öllu námsefninu		45%
Skilaverkefni 1	Menning Forn-Grikkja, lýðræðið		10%
Skilaverkefni 2	Menning miðalda, kristin og íslömsk menning		10%
Skilaverkefni 3	Sagan í skáldlegum búningi, samanburður skáldverks og heimilda		10%
Miðannarpróf	Próf um miðja önn úr fyrstu tveimur köflunum		10%
Kynning	Nemendur flytja kynningar um tækninýjungar		15%
	Samtals:		100%
Annað: Öll verkefni verða að vera tölvuunnin og þeim ber að skila á auglýstum skiladegi. Sjá meðfylgjandi reglur um verkefnaskil.			

Glærur og ýmislegt annað efni verður aðgengilegt á Moodle- kennsluvefnum. Auk þess verða þar tilkynningar frá kennara um námið og skipulag þess, því er mikilvægt að líta reglulega inn á vef áfangans.

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og óskum um gott samstarf.
Þorsteinn Kruger (ÞOK)
kruger@vma.is

4/11/17
Dagsetning:

Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils